

Greinargerð vegna blóðtöku úr hryssum

Undirritaður kom að blóðtökum úr á hryssum fyrir um 40 árum eða árið 1980 á upphafsárum þess að byrjað var að taka blóð úr hryssum hér á landi. Þetta hófst árið 1979. Undirritaður sá um blóðtökuna í Skagafirði þetta sumar. Á þessum tíma var engin aðstaða til þess að taka blóð og þurfti að láta bændur byggja upp aðstöðu en hugtakið tökubás þekktist ekki þá. Það var mikil framför í velferðarmál hrossa þegar tökubásarnir komu til sögunnar og þeir milduðu og auðvelduðu alla snertifleti manna og hesta. Að mínu mati gekk þessi blóðtaka vel og hryssurnar voru fljótar að aðlaga sig aðstæðum og blóðtakan rann í gegn.

Í sumar, 40 árum seinna, kom ég aftur að þessum blóðtökum. Nú sem aðstoðarmaður sonar míns sem er í dýralæknanámi og er að gera rannsókn á hófum hesta þar sem þessar hryssur eru efniviðurinn. Ég kom á allnokkra staði norður í Húnavatnssýslu og í Rangárvallasýslu þar sem voru nokkur hundruð hryssur. Úrtakið í rannsókninni var rúmlega 350 hryssur. Eitt af atriðum í rannsókninni var að meta holdafarið á hryssunum samkvæmt gildandi holdastigunarkvarða en stigunin er frá einum upp í fimm þar sem fimm er ofurfeitur og stigun fjórir þýðir feitur. Obbinn af hryssunum var stigaður á bilinu frá 3,7 -3,9. Lægst var 3.5 sem þýðir rífleg reiðhestahold en þær hryssur voru með folöldum og því mjólkandi. Þá var ákveðinn hluti sem var yfir fjóra en engin yfir 4.5.

Þetta er mjög góð útkoma og ef nota á holdafar sem vísbendingu um velferð kemur þetta vel út hjá þessu úrtaki.

Aðbúnaður á þessum stöðum var alls staðar góður og reyndar til mikillar fyrirmyndar á nokkrum stöðum. Langar rennur eru til mikilla bóta. Þá hafa umgengisreglur sem settar hafa verið breytt miklu og eru til mikilla bóta, s.s. hámarkstími og fjöldi hryssna og aðgengi að vatni. Blóðtakan gekk eins og smurð vél og hryssunar búnar að aðlaga sig þessari blóðtöku.

Segja má að eina þvingunin sé sú að setja múlin á hryssurnar og festa meðan blóðtakan fer fram. Þetta er það atriði sem þær aðlaga sig fljótt. Þá er það mikil breyting frá því fyrir 40 árum að nú er notað deyfilyf á stungustað þannig að blóðtakan verður sársaukalaus. Ef það er þessi þvingun sem fer í bága við dýraverndarlög má með sömu rökum banna það að temja hesta. Þar er ögunin og þvingunin margfalt meiri auk þess sem maðurinn situr klofvega á hestunum og lætur hann lúta sínum vilja.

Ég, undirritaður, vil taka það skýrt fram að ég hef engra hagsmuna að gæta í þessu máli. Hef ekki komið nærri þessari búgrein í 40 ár. Ég er hins vegar starfandi sem hestadýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal í Reykjavík. Sem slíkur velti ég fyrir mér tilurð þessa frumvarps og hverra hagsmuna það er að gæta. Í mínum huga er það skýrt að það er ekki dýravernd.

Reykjavík 31.3.2021

Helgi Sigurðson dýralæknir, Ph.D.

Sérfræðingur í hrossasjúkdómum

